

formaður í henni; eigið þér að senda dómsmálastjórn Vorri 1861.
 álitsskjal yðar og uppástungur. 20. septbr.

Eptir þessu eigið þér yður þegnlega að hegða. Felandi
 yður guði!

Skrifað í Vorum konunglega aðsetursstað Kaupmannahöfn,
 20. dag septembermánaðar 1861.

Undir Voru konunglega innsigli.

(L. S.)

Eptir allramildlegustu boði hans hátignar konungsins.

Casse.

68. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfir- 24. septbr.
 valdanna á Íslandi, um styrk til að gefa út þýð-
 ing yfir nokkra kafla úr nýja-testamentinu.

Eptir bænarskrá, er hingað kom með álitsskjali yðar, há-
 æruverðugi herra, dagsettu 13. júnímán. þ. á., hefir kirkju-
 og kennslustjórnin veitt Pètri prófessor Péturssyni og Sigurði
 Melsteð, prestaskólakennara í Reykjavík, 200 ríkisdala styrk til
 að gefa út þýðing yfir útvalda kafla úr nýja-testamentinu.

Þetta sé yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar, og
 til þess þér birtið það þeim, er hlut eiga að máli, og skal þess
 getið, að landfógetanum á Íslandi í dag hefir verið boðið að
 greiða fê þetta úr jarðabókarsjóði Íslands.

69. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfir- 26. septbr.
 valdanna á Íslandi, um réttan skilning á fjár-
 lögunum.

Um leið og þér, herra stiptamtmaður, og þér háæruverð-
 ugi herra, með bréfi 1. málm. þ. á., senduð hingað reikning
 yfir gjöld hins lærða skóla í Reykjavík, fjárhagsárið 1860-61,
 skýrðuð þér frá, að ýms gjöld hafi greidd verið fram yfir
 þá upphæð, er fjárlögin heimila fyrir hvern gjaldlið; og hafið